


Langanesbyggð
Fjarðarvegi 3
680 Þórshöfn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 26. nóvember 2012
Tilvísun: UST20110800181/edk

Úrbætur staðfestar - máli lokið

Umhverfisstofnun vísar í bréf dagsett 9. desember 2011 þar sem Langanesbyggð var veitt áminning vegna þriggja frávika frá starfsleyfi á urðunarstað sveitarfélagsins á Bakkafirði. Þann 16. desember 2011 bárust Umhverfisstofnun upplýsingar um að bætt hefði verið úr tveimur af þremur frávikum og áætlun um úrbætur á því þriðja. Umhverfisstofnun staðfesti þetta með bréfi 29. febrúar 2012 og veitti frest til 6. ágúst til að ljúka við úrbætur vegna þriðja og síðasta fráviksins, sem varðaði það að svæðið var ekki girt þegar eftirlit ársins 2011 fór fram.

Heilbrigðiseftirlit Austurlands fór í eftirlit með urðunarstað Langanesbyggðar á Bakkafirði fyrir hönd Umhverfisstofnunar þann 20. september sl. Eftirlitsmaður staðfesti að urðunarstaðurinn er nú afgirtur og hlið er við aðkomu á staðinn sem er alla jafnan læst með hengilás. Umhverfisstofnun lítur svo á að úrbótum vegna þessa fráviks sé nú lokið.

Starfleyfishafi hefur þegar greitt fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna þessa málს skv. reikningi sem var útgefinn af Umhverfisstofnun í desember 2011.

Virðingarfyllst

Sigrún Ágústsdóttir
Sigrún Ágústsdóttir
sviðsstjóri

Sigríður Kristjánsdóttir
Sigríður Kristjánsdóttir
deildarstjóri

Afrit: Heilbrigðisnefnd Austurlands